

---

Félagsvísindastofnun



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Könnun á ráðstöfun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga

UNNIÐ FYRIR VERKEFNISSTJÓRN MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIS UM ÍSLENSKUKENNSLU  
FYRIR ÚTLENDINGA

APRÍL 2008

Gunnar Þór Jóhannesson

Friðrik H. Jónsson

---

## EFNISYFIRLIT

<b>Töfluskra</b>	<b>3</b>
<b>Framkvæmd og heimtur</b>	<b>4</b>
<b>I. Framkvæmd og einkenni námskeiða</b>	<b>5</b>
<b>II. Viðhorf til umsóknaferlis og almennra þátta</b>	<b>12</b>
<b>Viðauki 1</b>	<b>15</b>
Skriflegar athugasemdir	15
<b>Viðauki 2</b>	<b>18</b>
Spurningalisti	18

## TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1. KOSTNAÐUR FYRIRTÆKIS AF NÁMSKEIÐSHALDI	5
TAFLA 2. KOSTNAÐUR FRÆÐSLUAÐILA AF NÁMSKEIÐSHALDI	6
TAFLA 3. AÐRIR STYRKIR TIL NÁMSKEIÐSHALDSINS	6
TAFLA 4. HVAÐA STYRKIR FENGUST TIL NÁMSKEIÐSHALDSINS?	7
TAFLA 5. KENNSLUTÍMI	8
TAFLA 6. FENGU ÞÁTTTAKENDUR GREIDD LAUN Á KENNSLUTÍMA NÁMSKEIÐSINS?	9
TAFLA 7. MAT Á NÁMSKEIÐI	9
TAFLA 8. VAR ÍSLENSKUKUNNNÁTTA NEMENDA METIN Í LOK NÁMSKEIÐS?	11
TAFLA 9. MAT Á UMSÓKNAREYÐUBLÖÐUM VEGNA STYRKJA TIL ÍSLENSKUKENNSLU FYRIR ÚTLENDINGA	12
TAFLA 10. MAT Á TÍMASETNINGU UMSÓKNAR- OG ÚTHLUTUNARFERLIS	12
TAFLA 11. MAT Á ALMENNU BYRJENDAEFNI	13
TAFLA 12. MAT Á FRAMHALDSEFNI	13
TAFLA 13. MAT Á ÍTAR- OG/EÐA SÉRHÆFÐU EFNI	13
TAFLA 14. HVERNIG METUR ÞÚ AÐGENGI ÚTLENDINGA AÐ ÍSLENSKUNÁMSKEIÐUM?	14
TAFLA 15. SKRIFLEGAR ATHUGASEMDIR ÞÁTTTAKENDA	15

## FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum könnunar meðal þeirra sem fengu styrki frá menntamálaráðuneytinu til íslenskukennslu fyrir útlendinga, fyrri hluta árs 2007. Könnunin fór fram á tímabilinu 23. janúar til 28. febrúar 2008. Spurningalisti var sendur á netföng 55 aðila og bárust svör frá 52 þeirra, 23 fræðsluaðilum og 29 fyrirtækjum. Könnunin fór fram á netinu.

Gróflega má skipta niðurstöðum í tvo hluta. Í fyrri hluta er gerð grein fyrir spurningum sem snúa að framkvæmd og einkennum þeirra námskeiða sem styrkur var veittur til. Í seinni hlutanum er að finna niðurstöður greiningar á almennari spurningum um viðhorf styrkþega til ýmissa þátta sem tengjast umsóknarferlinu og mati þeirra á umhverfi íslenskukennslu fyrir útlendinga.

## I. FRAMKVÆMD OG EINKENNI NÁMSKEIÐA

Eins og áður segir var rúmur helmingur svarenda fyrirtæki (56%). Í meiri hluta tilvika var gerður skriflegur samningur á milli fræðsluaðila og fyrirtækis (58% af heildarfjölda) en í 16 tilvikum átti það ekki við (31%). Í flestum tilvikum bar fyrirtæki kostnað af námskeiðshaldinu á einhvern hátt (tafla 1). Þar sem merkja mátti við fleiri en einn svarmöguleika eru svör (108) fleiri en svarendur sem tóku afstöðu til spurningarinnar (52). Hlutfall í töflu 1 og 2 er reiknað út frá fjölda þeirra sem tók afstöðu.

**TAFLA 1. KOSTNAÐUR FYRIRTÆKIS AF NÁMSKEIÐSHALDI**

Í hverju fólst sá kostnaður?	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda
Launum	28	54%
Húsnæði	19	37%
Námsgögnum	16	31%
Á ekki við	15	29%
Annað	12	23%
Veitingum	10	19%
Ferðum	8	15%
Alls	108	***

Á töflu 1 kemur fram að það er algengast að fyrirtæki taki þátt í launakostnaði í tengslum við námskeiðshaldið (54%), 37% svarenda sögðu fyrirtæki bera einhvern kostnað af húsnæði og tæpur þriðjungur að þau hefðu kostnað af námsgögnum. Þeir sem merktu við annað nefndu m.a. kennslu og umsýslu sem kostnaðarliði sem fyrirtæki stóð einhvern straum af.

Meirihluti svarenda (64%) sagði fræðsluaðila hafa borið kostnað af námskeiðshaldinu (tafla 2).

**TAFLA 2. KOSTNAÐUR FRÆÐSLUAÐILA AF NÁMSKEIÐSHALDI**

Í hverju fólst sá kostnaður?	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda
Launum	21	40%
Á ekki við	20	38%
Námsgögnum	19	37%
Húsnæði	18	35%
Ferðum	16	31%
Veitingum	14	27%
Annað	13	25%
Alls	121	***

Algengast er að fræðsluaðilar beri launakostnað af námskeiðshaldinu (40%) en þar á eftir kemur kostnaður af námsgögnum og húsnæði. Þeir sem merktu við annað nefndu helst umsýslu sem kostnaðarlið sem þeir höfðu kostnað af.

Í níu tilfellum fengust aðrir styrkir til námskeiðshaldsins (tafla 3).

**TAFLA 3. AÐRIR STYRKIR TIL NÁMSKEIÐSHALDSINS**

Fengust aðrir styrkir til námskeiðshaldsins?	Fjöldi	Hlutfall
Nei	40	77%
Já, til fyrirtækis	6	12%
Já, til fræðsluaðila	3	6%
Veit ekki	3	6%
Alls	52	100%

Spurt var um hvaða aðra styrki væri að ræða og má sjá **dæmi** um svör hér að neðan.

#### **TAFLA 4. HVAÐA STYRKIR FENGUST TIL NÁMSKEIÐSHALDSINS?**

Fyrirtæki sækja styrk til menntamálaráðuneytisins. Í einhverjum tilvikum sækja þau auka styrk til starfsmenntasjóða.
Styrkur frá menntamálaráðuneytinu, verið að sækja um styrk frá Eflingu fyrir mismun á kostnaði og styrk ráðuneytis.
Styrkir frá starfsmenntaráði.
Frá fræðslusjóði Eflingar.
Styrkir úr starfsmenntasjóðum verkalýðsfélaga.
Námskeiðshaldari bar allan kostnað af námskeiðum fyrir utan námskeiðsgjöld nemenda og styrk frá menntamálaráðuneyti. Nemendur greiddu 9.600 krónur, en fengu 3.000 endurgreitt ef þeir voru með yfir 80% mætingu.
Samningar um niðurgreiðslu íbúa fjögurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögin greiddu helming kostnaðar nemandans.
Styrkur fæst frá menntamálaráðuneyti fyrir hluta námskeiðs en aðeins fyrir þá sem ljúka námskeiðinu.
Ekki var leitað annarra styrkja til námskeiðahaldsins en þátttakendur nýttu sér fræðslustyrki sem þeir áttu rétt á hjá sínum fræðslusjóðum.

Rúmur þriðjungur svarenda sögðu nemendur hafa greitt námskeiðsgjald (19 svarendur). Í þremur tilfellum var gjaldið undir 10.000 krónum, í sjö skipti var það 12 þús. krónur, í þrjú skipti var það 11 þús. krónur og sami fjöldi merkti við 15 þús. krónur. Mjög misjafnt var hversu hátt hlutfall nemendur greiddur úr eigin vasa fyrir námskeiðin. Í 13 tilvikum var námskeið nemendum að kostnaðarlausu en annars var algengast að hlutur þeirra í kostnaði væri á milli 20 og 30% af raunkostnaði.

Í töflu 5 má sjá á hvaða tíma námskeiðin voru haldin. Algengast er að þau séu haldin eftir vinnu á virkum dögum og/eða að hluta á vinnutíma og að hluta eftir vinnu. Þeir sem merktu við annað undirstrikuðu til dæmis að kennsluhættir færu eftir aðstæðum fyrirtækja og eins kom fram að sum námskeið eru ekki ætluð fólki á vinnumarkaði og því ætti spurningin illa við.

**TAFLA 5. KENNSLUTÍMI**

Hvenær voru námskeiðin haldin?	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda
Eftir vinnu á virkum dögum	24	47%
Að hluta á vinnutíma og að hluta eftir vinnu	19	37%
Á vinnutíma	16	31%
Um helgar	8	16%
Annað	4	8%
Alls	71	***

Spurt var hversu margar konur og karlar voru skráð í námskeiðin sem og hversu margar konur og karlar luku námskeiðunum með fullnægjandi hætti. Svör þátttakanda gáfu til kynna að um mjög fjölbreytileg námskeið er um að ræða en jafnframt er ljóst að svarendur gáfu sér mismunandi forsendur í svörum sínum. Sem dæmi fást þær upplýsingar frá Mími-símenntun að 1027 konur hafi verið skráðar á námskeið og 752 karlar. Þar er um að ræða heildarfjölda kvenna og karla sem voru skráð á öll almenn íslenskunámskeið Mímis sem voru um 75 talsins á vorönn 2007. Í öðrum tilvikum byggðu flestir svarendur á tölum úr einu námskeiði sem styrkur hafði fengist fyrir. Það kemur fram að í fjórum tilvikum (8%) voru haldin námskeið þar sem engar konur voru skráðar til þátttöku og í fimm tilvikum (10%) voru haldin námskeið án karla.



Í rúmum helmingi tilvika fengu þátttakendur greidd laun að hluta eða fullu á kennslutíma námskeiðsins (tafla 6).

**TAFLA 6. FENGU ÞÁTTTAKENDUR GREIDD LAUN Á KENNSLUTÍMA NÁMSKEIÐSINS?**

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	16	31%
Já, að hluta	10	20%
Já, að fullu	16	31%
Veit ekki	9	18%
Alls	51	100%

Gerð var kennslukönnun eða mat í um helmingi námskeiðanna. Nokkuð misjafnt var hversu hátt hlutfall nemenda var talið hafa tekið þátt í matinu en yfirleitt var það nokkuð hátt og aðeins í tveimur tilvikum var það áætlað lægra en 50%. Í miklum meirihluta tilvika, þar sem það átti við, (92%) var matið notað til umbóta á kennsluháttum.

Beðið var um stutta lýsingu á hvernig matið hefði farið fram og eru **dæmi** svör listuð hér að neðan.

**TAFLA 7. MAT Á NÁMSKEIÐI**

Nemendur fylla út matsblað þar sem metnir eru eftirfarandi þættir: Kennslufni, kennsla, námsþættir, gæði og erfiðleikastig. Einng er skrifleg lýsing nemenda á námskeiðinu. Við leitum einnig eftir mati fyrirtækis á námskeiðum með óformlegum hætti.
Spurningarlisti í lok hvers námskeiðs, listinn var á íslensku og á ensku og var því ekki notæfur í öllum tilvikum.
Það var á formi spurninga, með túlki.
Ekki var gert mat á vegum fyrirtækisins - ekki vitað hvort mat var gert á vegum fræðsluáðilans.
Nemendur voru spurðir nokkurra spurninga, ýmist munnlega eða á blaði. Hins vegar héldu mjög margir nemendur áfram að sækja námskeið, tóku jafnvel þrjú námskeið, sem segir sitt um skoðun þeirra á námskeiðinu.
Ekki var gert mat af okkar hálfu, hvað kennari gerði veit ég ekki um.

Kennari fór yfir námskeiðið með nemendum.
Viðtöl kennara við nemendur í lok námskeiðs.
Matsblöð á ensku og pólsku voru lögð fyrir í lokatíma allra hópa.
Óformleg könnun meðal þátttakenda um hvort þeir væru ánægðir með kennarann sinn og gæði kennslunnar. Einnig kom fljótt í ljós að nemendur tóku framförum í íslensku.
Kennarar lögðu fyrir skriflegt mat sem þeir útfærðu í lok námskeiðs.
Munnlegt mat. Fylgdist með hvernig gekk.
Óformlegt mat - nemendur spurðir álits um ýmis atriði - kennslugögn, fyrirkomulag, tíma o.s.frv.
Nemendur fylltu út eyðublað, mat á námskeiðinu.
Það var gert stöðumat í byrjun til þess að raða í hópa. Einnig var gert mat í lok námskeiðsins. Matið var unnið af fræðsluaðila.
Kennari lagði fyrir spurningalista í síðasta tíma, sem flestir ákváðu að svara. Spurt var um kennsluefni, kennsluaðferðir og kennslutíma.
Í tveimur námskeiðum af þremur lögðu kennarar fyrir matsblöð fyrir þátttakendur í námskeiðslok. Á byrjendanámskeiði voru þátttakendur beðnir að meta kennslugögn/efni, kennslu og námskeiðið í heild. Einnig voru þátttakendur spurðir opinna spurninga um hvað hefði verið gott/ekki gott á námskeiðinu. Matið kom mjög vel út, en spurning hvort þátttakendur hafið skilið fyllilega matsblöðin sem voru á íslensku.
Á framhaldsnámskeiði var færni þátttakenda metin með skriflegri æfingu í lokin á því hvað þátttakendur ætluðu að gera í sumarleyfinu og því ekki um hefðbundið mat að ræða. Flestir þátttakendanna skrifuðu lýsingu á því og virtust hafa nokkuð góð tök á því að skrifa textann þó það væri náttúrulega mismunandi. Þriðja námskeiðið var fyrir þátttakendur sem voru ólæsir á latneskt letur og var kennslan mestmegnis í formi hljóð- og framburðaræfinga þar sem þessi hópur sem var frá Tælandi og Víetnam þarf að öðlast grundvallarfærni í framburði á íslenskri tungu. Ekki fór formlegt mat á árangri þátttakenda.
Um óformlegt mat var að ræða af hálfu kennara og yfirmanna nemenda.
Lagður var fyrir matslisti sem m.a. spurði um mat nemenda á aðstæðum, kennslu, námsgögnum og hvort námið hafi mætt væntingum þeirra.
Ef átt er við könnun á getu nemenda þá já. Ýmsar skriflegar og munnlegar æfingar eru lagðar fyrir nemendur. Ef spurt er um viðhorfskönnun þá er það þannig að við tökum valda nemendur í viðtal.
Umræður í síðasta tímanum um framkvæmd, umgjörð og innihald námskeiðs þar sem leitað var eftir

kostum og göllum með áherslu á að fá fram hugmyndir um hvar mætti bæta námskeiðið.

Lagt var fyrir skriflegt mat - sjálfsmat á eigin kunnáttu og færni sem og mat á námskeiðinu og frammistöðu kennara.

Nemendur svöruðu stuttu námsmati skriflega.

Íslenskukunnátta þátttakenda var metin í upphafi námskeiðs í 63% tilvika þar sem það átti við (20% svarenda töldu að þessi spurning ætti ekki við þá). Nemendum var raðað í hópa með tilliti til þessa mats í meirihluta námskeiða, eða 60%. Í rúmum helmingi námskeiða var íslenskukunnátta þátttakenda metin í lok námskeiðs (tafla 8).

#### TAFLA 8. VAR ÍSLENSKUKUNNNÁTTA NEMENDA METIN Í LOK NÁMSKEIÐS?

	Fjöldi	Hlutfall
Já	26	51%
Nei	14	27%
Veit ekki	11	22%
Alls	51	100%

Um 20% svarenda sagði að gert hefði verið ráð fyrir þörfum ólæsra þátttakenda en 30% að svo hefði ekki verið. Tæp 30% vita ekki til þess og rúm 20% segja spurninguna ekki eiga við.

## II. VIÐHORF TIL UMSÓKNAFERLIS OG ALMENNRA ÞÁTTA

Hér að neðan er gerð grein fyrir svörum við almennum spurningum um viðhorf styrkþega til umsóknarferlis styrkja til íslenskukennslu og umhverfis íslenskukennslu fyrir útlendinga.

**TAFLA 9. MAT Á UMSÓKNAREYÐUBLÖÐUM VEGNA STYRKJA TIL ÍSLENSKUKENNSLU FYRIR ÚTLENDINGA**

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð(ur)	9	18%
Frekar ánægð(ur)	24	47%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	17	33%
Frekar óánægð(ur)	1	2%
Alls	51	100%

Á töflu 9 má sjá að 65% svarenda eru mjög eða frekar ánægðir með umsóknareyðublöðin. Í töflu 10 kemur fram jafnari dreifing á svörum, en 43% eru mjög eða frekar ánægðir á meðan tæpur fjórðungur svarenda er frekar eða mjög óánægður.

**TAFLA 10. MAT Á TÍMASETNINGU UMSÓKNAR- OG ÚTHLUTUNARFERLIS**

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð(ur)	6	12%
Frekar ánægð(ur)	16	31%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	17	33%
Frekar óánægð(ur)	9	18%
Mjög óánægð	3	6%
Alls	51	100%

Svarendur voru beðnir um að meta framboð á fyrirliggjandi námsefni til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Niðurstöðurnar má sjá í töflum 11 til 13. Það kemur skýrt fram að svarendur telja framboð á námsefni fyrir byrjendur í bestu horfi, 53% segja það mjög eða frekar gott. Hinsvegar telja 42% svarenda að framboð á ítar- og/eða sérhæfðu efni sé frekar eða mjög slæmt.

**TAFLA 11. MAT Á ALMENNUNN BYRJENDAEFNI**

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög eða frekar gott	25	53%
Hvorki gott né slæmt	11	23%
Frekar eða mjög slæmt	11	23%
Alls	47	100%

**TAFLA 12. MAT Á FRAMHALDSEFNI**

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög eða frekar gott	17	38%
Hvorki gott né slæmt	16	36%
Frekar eða mjög slæmt	12	27%
Alls	45	100%

**TAFLA 13. MAT Á ÍTAR- OG/EÐA SÉRHÆFÐU EFNI**

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög eða frekar gott	8	21%
Hvorki gott né slæmt	14	37%
Frekar eða mjög slæmt	16	42%
Alls	38	100%

Þegar spurt var hvernig hefði gengið að ráða kennara til kennslu á námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga svöruðu 82% því að það hefði gengið mjög eða frekar vel. Á sama tíma telja nær 90% aðspurðra að það sé mjög eða frekar mikil þörf á endurmenntunarnámskeiðum fyrir þá sem kenna íslensku fyrir útlendinga.

Yfirgnæfandi meirihluti telur að þátttaka á íslenskunámskeiði hafi haft jákvæð áhrif á starfsánægju þátttakenda (88%). Í einu tilviki er talið að námskeiðið hafi haft neikvæð áhrif á starfsánægju og í tveimur tilvikum er ekki talið að þátttaka á íslenskunámskeiði hafi haft nokkur áhrif á starfsánægju. Röskur helmingur svarenda telur sömuleiðis að íslenskunámskeið hafi haft jákvæð áhrif á öryggismál í fyrirtækjum sem þátttakendur störfuðu í en um þriðjungur taldi sig ekki geta lagt mat á það.

**TAFLA 14. HVERNIG METUR ÞÚ AÐGENGI ÚTLENDINGA AÐ ÍSLENSKUNÁMSKEIÐUM?**

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög gott	11	22%
Frekar gott	24	48%
Hvorki gott né slæmt	9	18%
Frekar slæmt	4	8%
Mjög slæmt	1	2%
Hef ekki skoðun	1	2%
Alls	50	100%

Í töflu 14 kemur fram jákvætt mat á aðgengi útlendinga að íslenskunámskeiðum en 70% svarenda telja það vera mjög eða frekar gott.

Að síðustu var spurt hvort viðkomandi hefði í hyggju að sækja aftur um styrk til íslenskukennslu fyrir útlendinga. 86% áformuðu að sækja aftur um styrk til menntamálaráðuneytisins en þrír aðilar svöruðu því neitandi.

Í viðauka 1 má sjá nokkur **dæmi** um athugasemdir sem þátttakendur gerðu í lok könnunarinnar.

## VIÐAUKI 1

### SKRIFLEGAR ATHUGASEMDIR

#### TAFLA 15. SKRIFLEGAR ATHUGASEMDIR ÞÁTTTAKENDA

Einungis að mér finnst jákvætt að svona könnun skuli verða gerð en það finnst mér bera vott um meiri áhuga og metnað í sambandi við íslenskukennslu útlendinga.

Tel mjög brýnt að huga að hvernig kennslunni er háttað, hvað er að skila sér og á hvaða atriðum er tekið í sambandi við starfstengda kennslu og siðum og venjum Íslendinga.

Með síðustu umsókn vantaði skýrar upplýsingar um reglur fyrir úthlutun. Þar sem sækja þarf um styrk fyrir ákveðin fjölda nemenda með miklum fyrirvara þyrfti að gefast góður tími því ég þarf að fá tilboð í kennsluna áður en ég sæki um. Reitir fyrir athugasemdir hefðu mátt vera fyrir hvern lið í þessari könnun.

Kynjahlutfall nemenda er tiltölulega jafnt en ekki liggja fyrir nákvæmar rannsóknir.

Meirihluti útlendinga á Íslandi hafa lítið eða ekkert aðgengi að íslenskukennslu.

Þeir sem sækja námskeið í starfstengdri íslensku fá í flestum tilfellum einungis 40 kennslustundir, sem er of lítið. Samanber að útlendingar í Noregi fá allt að 3000 kennslustundir ókeypis.

Mikill skortur er á sérmenntuðum kennurum í faginu, til að mæta þörfinni í þjóðfélaginu.

Starfsumhverfi kennara í þessu fagi hefur verið ótryggt í gegnum tíðina.

Meðan kennsla í íslensku byggist á breytilegri og ótryggri styrkveitingu frá hinu opinbera er erfitt að skipuleggja námsönnina á viðeigandi hátt, hvað varðar ráðningu kennara, aðstöðu og kostnað til námsefnisgerðar.

Föst styrkveiting í fjárlögum til fræðsluaðila, háð viðeigandi skilyrðum, myndi auka fagleg vinnubrögð.

Vantar kennsluleiðbeiningar...kennarar ræða það. Kennarar eru ekki sammála um ágæti námsefnisins.
Umsóknarferli þyrfti að vera fyrir þannig að hægt sé að miða fjölda námskeiða við framlag í stað þess að fara af stað án trygginga um framlag.
Þyrfti að niðurgreiða þessa kennslu að öllu leiti. Bæði m.t.t. réttinda útlendinga til að fá kennslu sem og gagnvart samkeppnisstöðu einstakra fræðslufyrirtækja.
Mjög ánægjulegt að ráðuneytið veitti fjármagni í þetta, gefur stofnunum kost á að gera betur í íslenskukennslunni.
Nemendur greiddu ekkert. Fyrirtæki greiða 10.000 pr þátttakanda sem lýkur námskeiðinu.
þarf að stuðla að þátttöku fyrirtækja í kostnaði við kennsluna, annað hvort í formi launa eða greiðslu fyrir námskeiðsgjöld ef mæting nemenda er viðunandi (70%).
Í sambandi við umsóknarferlið finnst mér að ætti að sækja um með meiri fyrirvara þannig að það liggi fyrir þegar kennsla fer af stað hvað fyrirtækið fær í styrk.
Mig langar að benda á að það væri gott að geta skipulagt námskeiðin til lengri tíma. Erfitt er að gera langtíma áætlanir þegar styrkirnir eru aðeins auglýstir til nokkurra mánaða í einu.
Það vantar samræmingu þannig að það sé verið að kenna með svipuðum hætti hjá þeim sem kljást við þetta verkefni. Bæði í kennsluháttum og námsefni. Auk þess vantar almennar árangurskvaðir.
Galli að styrkir fyrir námskeið séu eingöngu fyrir þá sem ljúka námskeiðum, kostnaður liggur hjá fræðsluaðila og brottfall er mikið. Tímasetning námskeiða er erfiður þáttur og fyrirtæki þurfa að koma til móts við fræðsluaðila. Skortur er á námsefni og námskrá. Ólæsum nemendum þarf að sinna sér og því þarf að styrkja það sérstaklega. Hér er um einkakennslu að ræða.



Tímasetning styrkumsókna er að mínu mati kolröng. Hefði verið mun betra að vita í haust áður en önnin fór af stað hversu mikla styrki við vorum að fá í stað þess að fá þær upplýsingar þegar starfið er komið vel af stað. Að mínu mati kemur þetta sér afar illa fyrir alla aðila, bæði fræðsluaðilana sem þurfa að rukka þátttökugjöld og þátttakendurna sem greiða þau og geta þá jafnvel ekki fengið að vita endanlega hver þeirra hlutur er fyrir en styrkir hafa verið afgreiddir. Mundi vilja leggja til að styrkir vegna haustannar yrðu afgreiddir í maí/júní en styrkir vegna vorannar í okt/nóv, það mundi auðvela mjög skipulagningu og undirbúning námskeiðahalds.

Fáir af starfsmönnum fyrirtækisins höfðu áhuga á námskeiði, en þeir sem skráðu sig voru mjög áhugasamir.

Aðgengi nemenda að íslenskukennslu er gott á kvöldin. En ekki nægilega gott á vinnutíma. Atvinnurekendur þurfa að vera duglegri að fá námskeið á vinnustað eða hleypa starfsfólki úr vinnu á námskeið á dagtíma. Það er mjög erfitt fyrir fólk að læra eftir 8-10 klst. vinnudag.

## VIÐAUKI 2

### SPURNINGALISTI

#### Hvert er heiti umsækjanda?

#### Er umsækjandi fræðsluaðili eða fyrirtæki?

Fræðsluaðili

Fyrirtæki

#### Var gerður skriflegur samningur milli fyrirtækis og fræðsluaðila?

Já

Nei

Á ekki við

#### Bar umsækjandi (fyrirtæki) kostnað af námskeiðshaldinu?

Já

Nei

#### Í hverju fólst sá kostnaður?

Námshögnum

Húsnæði

Launum

Ferðum

Veitingum

Á ekki við

Öðru, hverju?

**Bar umsækjandi (fræðsluaðili) kostnað af námskeiðshaldinu?**

Já

Nei

**Í hverju fólst sá kostnaður?**

Námsgögnum

Húsnæði

Launum

Ferðum

Veitingum

Á ekki við

Öðru, hverju?

**Fengust aðrir styrkir til námskeiðshaldsins?**

Nei

Já, til fyrirtækis

Já, til fræðsluaðila

Veit ekki

**Hvaða styrkir voru það?**

**Greiddu nemendur námskeiðsgjald?**

Já

Nei

Veit ekki

**Hversu hátt gjald greiddu nemendurnir í krónum talið?**

1000 eða lægra

1000-1999

2000-2999

3000-3999

4000-4999

5000-5999

6000-6999

7000-7999

8000-8999

9000-9999

Annað, hvað?

**Vinsamlegast áætlaðu hversu hátt hlutfall af námskeiðskostnaði nemendur greiddu að jafnaði úr eigin vasa.**

**Hvenær voru námskeiðin haldin?**

Á vinnutíma þátttakenda

Að hluta á vinnutíma og að hluta eftir vinnu

Eftir vinnu á virkum dögum

Um helgar

Annað \_\_\_\_\_

**Hversu margar konur skráðu sig á námskeiðið?**

**Hversu margar konur luku námskeiðinu með fullnægjandi þátttöku?**

**Hversu margir karlar skráðu sig á námskeiðið?**

**Hversu margir karlar luku námskeiðinu með fullnægjandi þátttöku?**

**Fengu þátttakendur greidd laun á kennslutíma námskeiðsins?**

Nei

Já, að hluta

Já, að fullu

Veit ekki

**Var gerð könnun eða mat á námskeiðinu meðal þátttakenda?**

Já

Nei

**Vinsamlegast lýsið í stuttu máli hvernig það mat fór fram.**

**Vinsamlegast áætlaðu hversu hátt hlutfall nemenda í námskeiðinu tók þátt í kennslukönnun eða mati á námskeiðinu.**

**Var matið notað til umbóta?**

Já

Nei

Á ekki við

**Var íslenskukunnátta nemenda metin í upphafi námskeiðs?**

Já

Nei

Veit ekki

**Var nemendum raðað í hópa með hliðsjón af mati á kunnáttu þeirra í upphafi námskeiðs?**

Já

Nei

Veit ekki

Á ekki við

**Var íslenskukunnátta nemendanna metin í lok námskeiðs?**

Já

Nei

Veit ekki

**Var gert ráð fyrir þörfum ólæsra nemenda á námskeiðinu?**

Já

Nei

Veit ekki

Á ekki við

**Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með umsóknareyðublöðin vegna styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga?**

Mjög ánægð(ur)

Frekar ánægð(ur)

Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)

Frekar óánægð(ur)

Mjög óánægð(ur)

**Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með tímasetningu umsóknar- og úthlutunarferlis?**

Mjög ánægð(ur)

Frekar ánægð(ur)

Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)

Frekar óánægð(ur)

Mjög óánægð(ur)

**Hvernig metur þú framboð á fyrirliggjandi námsefni til íslenskukennslu fyrir útlendinga?**

	Mjög gott	Frekar gott	Hvorki gott né slæmt	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Á ekki við
Almennt byrjenda efni	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Framhaldsefni	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ítar- og/eða sérhæft efni	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

**Hvernig gekk að ráða kennara til kennslu á námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga?**

Mjög vel

Frekar vel

Hvorki vel né illa

Frekar illa

Mjög illa

**Hvernig metur þú þörf á endurmenntunarnámskeiðum fyrir þá sem kenna íslensku fyrir útlendinga?**

Mjög mikla

Frekar mikla

Hvorki mikla né litla

Frekar litla

Mjög litla

Á ekki við

**Telur þú að þátttaka í íslenskunámskeiði hafi haft jákvæð, neikvæð eða engin áhrif á starfsánægju þátttakenda?**

Jákvæð áhrif

Engin áhrif

Neikvæð áhrif

Veit ekki

Á ekki við



**Telur þú að þátttaka í íslenskunámskeiði hafi haft jákvæð, neikvæð eða engin áhrif á öryggismál í fyrirtækjum sem þátttakendur störfuðu hjá?**

Jákvæð áhrif

Engin áhrif

Neikvæð áhrif

Veit ekki

Á ekki við

**Hvernig metur þú aðgengi útlendinga að íslenskunámskeiðum?**

Mjög gott

Frekar gott

Hvorki gott né slæmt

Frekar slæmt

Mjög slæmt

Hef ekki skoðun

**Áformar þú að sækja aftur um styrk til íslenskukennslu fyrir útlendinga á árinu 2008?**

Já

Nei

Veit ekki

Annað sem þú vilt taka fram?